

FRÁSÖGN

af haustfundi ÖSE-þingsins í Bishkek 3.–5. september 2018.

Af hálfu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sóttu fundinn Gunnar Bragi Sveinsson formaður og Bryndís Haraldsdóttir varaformaður auk Bylgju Árnadóttur alþjóðaritari. Helstu umræðuefni fundarins voru málefni Mið-Asíu, hryðjuverkaógn, málefni flóttamanna og innflytjenda og átök Rússa og Úkraínumanna.

Í ávarpi sínu ræddi Sooronbay Jeenbekov, forseti Kirgistan, um lýðræðisumbætur í landi sínu undanfarin ár. Hann benti á að þróun lýðræðis yrði að fara saman við hefðir og venjur í landinu og sagði frá umbótum á kosningakerfinu, baráttunni gegn spillingu og uppbyggingu efnahagskerfisins. Hann sagði kirgísk yfirvöld vilja þróa hátækniðnað og einnig væru þau að skoða sjálfbæra þróun í tengslum við þá uppbyggingu. Hann sagði landið standa frammi fyrir áskorunum af völdum hryðjuverkasamtaka og útbreiðslu róttækni og að þessir þættir ógnuðu stöðugleika svæðisins og alls heimsins. Dastanbek Dzhumabekov, forseti kirgíska þingsins, sagði það mikinn heiður fyrir kirgíska þingið að halda haustfund ÖSE-þingsins á 25 ára afmælisári þingsins. Stjórnvöld væru stolt af því að hafa verið með þeim fyrstu meðal nýstofnaðra Mið-Asíulýðveldi til að koma á fót þingbundnu lýðræði árið 1993. Dzhumabekov sagði kirgískt samfélag vera byggt á jafnrétti og félagslegu réttlæti. Hann ítrekaði mikilvægi ÖSE og sagði að í stað þess að skrifa undir friðarsáttmála ættu lönd heimsins að vinna að því að koma á eilífum friði líkt og Kant sá fyrir sér. Með friðarsáttmála væri bundinn endi á eitt stríð en með sáttmála um eilífan frið væri komið í veg fyrir öll stríð. Dzhumabekov minnti á að Kirgistan hefði gegnum aldirnar verið brú á milli Evrópu og Asíu, viðkomustaður á hinni fornu Silkileið. Mið-Asíulönd hefðu auk þess þá sérstöðu að eiga landamæri að fjórum kjarnorkuveldum. Fundir ÖSE-þingsins væru vettvangur fyrir uppbyggilegar samræður milli þingmanna og aukin tengsl þeirra á milli.

Ráðstefnu haustfundar var skipt í þrjá hluta eftir málefnaáherslum nefnda þingsins. Í fyrsta hluta, sem fjallaði um málefnaáhrif 1. nefndar um stjórn mála og öryggismál, var sérstök áhersla á baráttuna gegn nýjum ógnum á landamærasvæðum gegnum svæðisbundna samvinnu. Rætt var um þá ógn sem Mið-Asíuríkjum stafaði af óstöðugu stjórn málaástandi í Afganistan. Gyorgyi Szabo, yfirmaður skrifstofu ÖSE í Astana, Kasakstan, benti á að þing- og forsetakosningar færu fram í Afganistan á næsta ári. Nauðsynlegt væri að gera allt til að styðja við stjórnvöld í landinu. Hann sagði Mið-Asíuríkjum hafa undanfarin ár tekist að byggja aftur upp traust sín á milli og það hefði skilað áþreifanlegum árangri varðandi annað erfitt úrlausnarefni, yfirráð og deilingu vatnsauðlinda. Artur Gerasymov, formaður sendinefndar Úkraínu, lýsti ánægju sinni með yfirskrift fyrsta hluta ráðstefnunnar. Öll ÖSE-ríki þyrftu að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt Helsinki-lokagerðinni sem kveður á um að ytri landamæri séu virt. Hann sagði Úkraínu enn berjast gegn árásarhæð Rússa og að tilraunir til að draga úr átökum í Donbass-héraði hefðu ekki haft tilætluð áhrif. Aleksei Kondratev, þingmaður frá Rússlandi, sagði árásir úkraínsku sendinefndarinnar ekki stuðla að uppbyggilegum samræðum. Hann sagði stjórnvöld í Úkraínu vera fasísk og gagnrýndi þau fyrir að ráða ekki við að berjast gegn hryðjuverkum á yfirráðasvæði sínu. Hann benti á að í baráttunni gegn hryðjuverkum hefðu Rússar aðstoðað sýrlensk stjórnvöld við aðgerðir gegn hryðjuverkahópum þar í landi. Tölur yfir fjölda handtekinna töludu sínu máli. Hedy Fry, formaður sendinefndar Kanada, lýsti áhyggjum af auknum fordómum og kynþáttahatri í vestrænum löndum, þar á meðal í Kanada. Vissulega stæðu ÖSE-ríkin frammi fyrir áskorunum þegar kæmi að því að gæta landamæra sinna en tryggja þyrfti mannréttindi fyrir alla, ekki bara þá sem byggju innan vestrænna ríkja heldur líka þeirra sem væru ríkisfanglausir. Hún sagði kanadísk stjórnvöld hafa þurft að horfast í augu við að löggjöf sem samþykkt var í kjölfar hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum 2001 hefði brotið í bága við alþjóðalög um mannréttindi.

Fry sagði Kanada vissulega vera sterkt og öruggt land en að það væri vegna þess að landið virti réttarríkið og mannréttindi. Azay Guliyev, formaður sendinefndar Aserbaísjan, lýsti ánægju sinni með að öll Mið-Asíulöndin væru meðlimir ÖSE-þingsins. Með því væri stuðlað að aukinni svæðisbundinni samvinnu.

Á öðrum hluta ráðstefnunnar voru til umræðu málefni 2. nefndar um efnahags- og umhverfismál. Áhersla fundarins var á fólksflutninga, viðskipti og umhverfisógnir, sérstaklega í Mið-Asíu, auk þess sem samráðsvettvangur Miðjarðarhafsríkja var haldinn. Anat Berko, formaður sendinefndar Ísraels, gagnrýndi Palestínuflóttamannaástoð Sameinuðu þjóðanna (UNRWA) fyrir að viðhalda flóttamannavanda Palestínumanna. Berko sagðist sjálf vera flóttamaður frá Írak en hún hefði verið boðin velkomin í Ísrael og ætti ekkert tilkall til að snúa aftur til síns fyrra heimilis í Írak. Á hinn bóginn gætu Palestínumenn erfitt stöðu flóttamanns frá foreldrum sínum sem væri einsdæmi á alþjóðavettvangi. Hún fagnaði flutningi Bandaríkjanna á sendiráði sínu til Jerúsalem og hvatti önnur ÖSE-ríki til að gera slíkt hið sama. Abdelrahim Barham, fulltrúi palestínska löggjafarþingsins, gagnrýndi ákvörðun ísraelskra stjórnvalda um að jafna við jörðu palestínskt þorp í Austur-Jerúsalem. Hann sagði ákvörðunina hafa sætt gagnrýni Sameinuðu þjóðanna og Amnesty International. Bryndís Haraldsdóttir sagði frá alþjóðlegri samvinnu landa á norðurslóðum. Hún benti á að loftslagsmál og frjáls verslun væru áherslupættir í samvinnu ríkja í norðri, ekki síður en meðal Miðjarðarhafsríkja og Mið-Asíuríkja. Bryndís sagði loftslagsbreytingar vera eina stærstu ógnina gegn friði í heiminum. Ríkisstjórn Íslands hefði sett sér metnaðarfulla stefnu til að mæta skuldbindingum sínum samkvæmt Parísarsamkomulaginu fyrir árið 2030 og stefnt væri að því að gera Ísland kolefnishlutlaust árið 2040. Liður í að ná þessum markmiðum væri að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis í samgöngum. Sjálfstæði Íslands og farsæld væru grundvöllur á núverandi heimsskipan þar sem áhersla er lögð á virðingu fyrir alþjóðalögum, frjálsa verslun, lýðræði, frjálslýndi og alþjóðlega samvinnu. Hún hvatti aðildarríki ÖSE til að standa vörð um sameiginleg gildi og virða mannréttindi og alþjóðalög.

Málefni 3. nefndar um mannréttindi og lýðræði voru til umfjöllunar á þriðja hluta ráðstefnunnar. Áhersla var þá lögð á að auka þátttöku almennra borgara í að byggja upp örugg samfélög. Gunnar Bragi Sveinsson sagði ríki best tryggja öryggi borgara sinna með því að virða alþjóðalög og -samninga, landamæri og fullveldi annarra ríkja með því að deila þekkingu og tækni og með því að tryggja jafnrétti íbúanna. Ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 og ályktanir sem fylgt hefðu í kjölfarið hefðu ítrekað bent á mikilvægi þess að tryggja aðkomu kvenna að friðarviðræðum og innleiðingu friðarsamninga. Þátttaka kvenna í samfélaginu og efnahagslífinu væri auk þess forsenda velgengni ríkja. Þátttaka og öryggi allra borgaranna væri forsenda pólitíssks og efnahagslegs stöðugleika. Gunnar Bragi sagði baráttuna fyrir jafnrétti kynjanna vera erfiða, að mörgu leyti vegna þess að sumir karlar skildu hana ekki. Hann benti á að Ísland hefði ekki getað þróast á nokkrum áratugum úr því að vera eitt fátækasta ríki heims í eitt það ríkasta án þátttöku kvenna í samfélaginu. Hann hvatti þingmenn ÖSE-ríkjanna til þess að standa vörð um jafnrétti kynjanna, sem og önnur mannréttindi.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar ÖSE-þingsins og á vefsvæðinu www.oscepa.org.